

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Við 4. gr. Liðurinn orðist svo:

I. Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. og 2. gr., reiknast þannig:

a. Skattgjald einstaklinga:

Ef skattskyldar tekjur eru undir 15000 kr., greiðist enginn skattur.

Af 15 þús. kr. greiðist 100 kr.

— 15— 25 þús. kr. greiðist	100 kr. af	15 þús. og	5 % af afg.
— 25— 30 — — —	600 — —	25 — —	4 — — —
— 30— 35 — — —	800 — —	30 — —	6 — — —
— 35— 40 — — —	1100 — —	35 — —	8 — — —
— 40— 45 — — —	1500 — —	40 — —	10 — — —
— 45— 50 — — —	2000 — —	45 — —	14 — — —
— 50— 55 — — —	2700 — —	50 — —	16 — — —
— 55— 60 — — —	3500 — —	55 — —	18 — — —
— 60— 65 — — —	4400 — —	60 — —	20 — — —
— 65— 70 — — —	5400 — —	65 — —	24 — — —
— 70— 80 — — —	6600 — —	70 — —	27 — — —
— 80— 100 — — —	9300 — —	80 — —	30 — — —
— 100— 130 — — —	15300 — —	100 — —	34 — — —
— 130 þús. kr. og yfir	25500 — —	130 — —	40 — — —

b. Skattgjald þess hjóna, sem tekjur eru lækkaðar hjá þannig, að hinu hjónanna er reiknaður nokkur hluti teknanna:

Ef skattskyldar tekjur eru undir 14000 kr., greiðist enginn skattur.

Af 14 þús. kr. greiðist 100 kr.

— 14— 15 þús. kr. greiðist	100 kr. af	14 þús. og	5 % af afg.
— 15— 20 — — —	150 — —	15 — —	6 — — —
— 20— 25 — — —	400 — —	20 — —	8 — — —
— 25— 30 — — —	850 — —	25 — —	9 — — —
— 30— 35 — — —	1300 — —	30 — —	10 — — —
— 35— 40 — — —	1800 — —	35 — —	13 — — —
— 40— 45 — — —	2450 — —	40 — —	18 — — —
— 45— 50 — — —	3350 — —	45 — —	20 — — —
— 50— 55 — — —	4350 — —	50 — —	23 — — —
— 55— 60 — — —	5500 — —	55 — —	25 — — —
— 60— 65 — — —	6750 — —	60 — —	28 — — —
— 65— 70 — — —	8150 — —	65 — —	30 — — —
— 70— 100 — — —	9650 — —	70 — —	32 — — —
— 130 þús. kr. og yfir	19250 — —	100 — —	40 — — —

2. Við 7. gr.

a. Á eftir orðunum „sjá sér fyrir fæði“ í h-lið 4. tölul. bætist: svo og verkamanna og iðnaðarmanna, sem sækja þurfa atvinnu til staða fjarri heimili sínu.

b. Á eftir h-lið komi nýr liður, svo hljóðandi:

$\frac{1}{3}$  af kaupi sjómanna fyrir vinnu á íslenzku fiskiskipi, þó ekki hærri upphæð en 20000 kr.

c. j-liður 4. tölul. falli niður.

d. Á eftir orðunum „til atvinnurekstrar sé“ í 5. tölul. komi: eða heimilisstjórnar (kaup ráðskonu).

e. Aftan við 5. tölul. bætist tveir nýir másl., svo hljóðandi:

Frádráttarbær kostnaður við heimilisstjórn má þó ekki fara fram úr 20000 kr. Er upphæð þessi miðuð við meðalvísitölu ársins 1953 og skal breytast í réttu hlutfalli við þær breytingar, sem verða á meðalvísitölunni.

3. Við 8. gr. Upphaf greinarinnar orðist þannig:

1. og 2. málsgr. 11. gr. laganna orðist þannig:

Hvort hjóna um sig er sjálfstæður skattþegn, og skal við ákvörðun skatts þeirra hvors um sig farið eftir þessum reglum:

Hvort hjónanna greiðir skatt af þeim tekjum, sem það aflar. Hafi annað hjóna engar tekjur eða lægri tekjur en hitt, skal því reiknað til skatts allt að helmingi tekna hins, en þó aldrei hærri upphæð en 20000 kr., miðað við meðalvísitölu ársins 1953, né heldur meira en svo, að tekjur þess fari fram úr tekjum hins. Breytist meðalvísitalan, skal fyrr nefnd upphæð hækka eða lækka í samræmi við það. Tekjur, sem annað hjóna aflar hjá hinu eða í fyrirtæki, sem það

á eða er aðaleigandi að, skulu þó ekki taldar sértekjur í þessu sambandi. Í reglugerð skal setja um það nánari ákvæði, hvenær slík laun skuli ekki talin sértekjur. Skattur af tekjum hjóna skal innheimtur hjá því þeirra, sem hefur hærri tekjur.

4. Við 9. gr.
  - a. Orðin „fyrir einstakling kr. 6500.00“ falli niður.
  - b. Orðin „fyrir hjón kr. 12000.00 (6 þús. fyrir hvort)“ falli niður.
  - c. Fyrir „kr. 4500.00“ komi: kr. 6000.00.
  - d. Á eftir 1. efnismálsgr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:  
Frádráttur fyrir barn eða börn skiptist til helminga milli hjóna.
5. Við 10. gr.
  - a. Fyrirsógn III. kafla orðist svo: Um skattfrelsi sparifjár og byggingarsjóða einstaklinga.
  - b. Orðin „framtalsskyldu og“ á tveim stöðum í greininni falli niður.
  - c. Tvær síðustu málsgreinarnar falli niður.
  - d. Á eftir nýrri 22. gr. komi ný gr. (verður 23. gr.), svo hljóðandi:  
Fjölskyldumenn, sem eiga ekki 90 fermetra íbúð eða stærri, þegar lög þessi öðlast gildi, skulu undanþegnir tekju- og eignarskatti af framlögum í eigin byggingarsjóð samkv. eftirfarandi reglum:  
Árleg framlög mega nema allt að  $\frac{1}{4}$  teknanna, þó ekki meiru en 20000 kr. á ári og 200000 kr. alls. Byggingarsjóðurinn skal ávaxtaður í banka eða sparisjóði á nafni eiganda. Sé fé þessu ráðstafað á annan hátt en til byggingar eða kaupa á íbúð fyrir eiganda þess, skal greiða af því þann skatt, sem á það hefði fallið, ef það hefði verið skattlagt á því ári, sem teknanna var aflað. Sé fénu ráðstafað smám saman til annars en byggingar eða kaupa á íbúð fyrir eiganda þess, skal svo litið á, að þess fjár, sem fyrst er ráðstafað, hafi verið aflað fyrst, o. s. frv. Nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessara skulu sett í reglugerð.
6. Á eftir 15. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:  
Tveir síðustu másl. 45. gr. laganna orðist svo:  
Fjármálaráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um innheimtu tekjuskatts þannig, að launþegar greiði skatt af tekjum sínum jafnóðum og þeirra er aflað. Heimilt er að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslur manna svo miklum hluta af kaupum þeirra, að nægi fyrir skattgreiðslunni.